

**Eð.**

**366. Nefndarátt**

um tillögu til þingsályktunar um kaup á snjóbil.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir athugað þetta mál eftir föngum og aflað sjer skýrslna um það, svo sem kostur hefir verið á. Jafnframt hefir hún rætt málið allitarlega við vegamálastjóra.

Nefndin er öll sammála um það, að sjálfsagt sje að veita athygli öllum þeim samgöngutækjum, sem hugsanlegt er, að að gagni geti komið til að ljetta og greiða samgöngur og flutninga, bæði innan sveita og milli hjeraða, þar sem vegleysur eða fannfergi tálma stórkostlega allri almennri umferð.

Skýrsla sú, er nefndin hefir fergid frá vegamálastjóra um þetta mál, sýnir, að bæði í Noregi og Svíþjóð er einskis látið ófreistað til að yfirvinna þá örðugleika, sem snjórinn skapar samgöngunum á vetrum.

Til þess að ráða fram úr samgönguörðugleikum þeim, sem snjór og vegleysur valda, eru nú á seinni árum aðallega notaðar tvennskonar aðferðir: Í fyrsta lagi aflmiklar bifreiðar, sem hreinsa snjó af almennum vegum með snjóplóg, og

halda þeim þannig færur fyrir venjulegar bifreiðar og aðra vagna. Í öðru lagi með því að nota bifreiðar með sjerstakri gerð (beltaumbúnað), sem fara bæði yfir snjó og lítt ruddar eða óruddar vegleysur.

Um snjóplógana segir svo, meðal annars, í skýrslu vegamálastjóra:

»Snjódrekar<sup>1)</sup>). Svo mætti nefna hin stóru ferlíki, sem tekið er að nota í Noregi og Svíþjóð til þess að ryðja braut í snjó, enda þótt fannir sju djúpar og harðar. Hefir gefist best að beita fyrir þá aflmiklum bifreiðum, þar sem vjellinni er beitt á bæði fram og afturbjól. Þær eru þungar, yfir 3000 kg. tómar, og veita miklum mun betri viðspyrnu með öllum 4 hjólum en venjulegar bifreiðar, sem eingöngu geta beitt afturbjólunum.

. . . . . Mest og best reynsla um hve afkastamiklir slíkir snjódrekar eru hefir fengist á fjallvegi einum á Mæri. Hefir nú undanfarna 3 vetur verið rudd braut á 37 km. löngum vegarkafli þar, að mestu með aðeins einni slíkri bifreið með snjódreka. Snjórinn er stundum talinn hafa verið mikill, t. d. fjell þar einu sinni á 11 dögum 3,3 m. djúpur snjór á veginn, en mest á einni nóttu 60 cm. Skafar þykja ekki hafa verið tiltakanlega miklir, þó er þess getið, að eitt sinn braust bifreiðin gegnum 1,3 m. djúpan skafi, þó ekki harðfenni, á 3 km. vegarlengd, og tókst ótrúlega vel að ryðja brautina . . . . .

Jeg hefi hvergi sjóð annars getið en að þeir, sem að þessum málum starfa í Noregi og Svíþjóð, telji fengna ótrúlega örugga reynslu um ágæti þessara bifreiða og snjódrékanna til snjóruðnings. Auðvitað er þar sumstaðar svo mikil fannkyngi og skafar, að við ofurefli er að eiga«.

Um belta-bifreiðarnar segir í skýrslunni:

»Belta-bifreiðarnar, sem aka á óruddum snjó, virðast enn vera á tilraunastigi, en samt fenginn mikilsverður árangur, sem gefur vonir um, að heppilegur beltaumbúnaður muni finnast, enda er ótullega að því unnið . . . . . Væru til nothæfar og hentugar belta-bifreiðar, myndu þær geta komið hjer að feiknamiklum notum, sjerstaklega til póst- og fólksflutninga«.

Í lok skýrslu sinnar leggur svo vegamálastjóri til, að veittar verði úr ríkissjóði 25 þús. kr. til kaupa á snjódreka ásamt öflugri bifreið, og 10 þús. kr. til að kaupa belta-bifreið.

Nefndin fellst á þingsályktunartillöguna að efni til, það sem hún nær, og vill auk þess heimila stjórninni að kaupa snjódreka, samkv. till. vegamálastjóra.

Leggur hún því til, að tillagan verði samþykkt með þessum

#### BREYTINGUM:

##### 1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði allt að 25 þúsund krónum til kaupa á snjódreka ásamt öflugri bifreið, og enn fremur allt að 10 þúsund krónum til kaupa á belta-bifreið, ef líkur eru til, að hún komi að verulegu gagni.

---

1) Í skýrslunni er notað nafnið »plógdreki«, en eftir samkomulagi við vegamálastjóra er nafninu breytt.

2. Fyrirsögnin verði:

Tillaga til þingsályktunar um kaup á snjódreka og bifreiðum.

Alþingi, 14. apríl 1926.

Björn Kristjánsson,  
form.

Ágúst Helgason,  
fundaskr.

Einar Árnason,  
frsm.

Sig. Eggerz.

Jóhann P. Jósefsson.

Fjarveitinganefnd Ed. lítur svo á, að fjárhagsatriðið í þessu máli sje því ekki til fyrirstöðu, að ráðist verði í þessar framkvæmdir.

Alþingi, 16. apríl 1926.

Jóh. Jóhannesson.

Eggert Pálsson.